



Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Flugfargjöld Reykjavíkurborgar og Vildarpunktur

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 30. nóvember sl. var lögð fram hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík dags. 30. september 2015. Hugmyndin varðar aðgengi að upplýsingum um flugferðir sem Reykjavíkurborg greiðir fyrir pólitíska fulltrúa og aðra starfsmenn auk upplýsinga um hversu margir þeirra fá vildarpunkta.

Samþykkt var á fundinum að kalla eftir umsögn fjármálaskrifstofu um hugmyndina sem gert var með tölvupósti þann 1. desember 2015. Í svörum frá fjármálaskrifstofu sem bárust 1. og 4. desember 2015 kemur fram að fjármálaskrifstofa taki reglubundið saman yfirlit yfir ferðir starfsmanna og kjörinna fulltrúa. Hins vegar hafi skrifstofan ekki upplýsingar um hvort starfsmenn nýti sér tilboð ákveðinna flugfélaga um vildarpunkta né hvaða flugfélög bjóði slíkt. Innkaupakort Reykjavíkurborgar safni ekki vildarpunktum. Greinargerðir fjármálaskrifstofu hafi verið lagðar fram í borgarráði og hafi almenningur því aðgang að þeim upplýsingum.


Við svar fjármálaskrifstofu má bæta að í reglum Reykjavíkur um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar kemur fram í lið 2.1. að greiða skuli með innkaupakortum þar sem því verður við komið og alltaf skuli velja hagstæðasta flugfar sem völ er á.

Þann 18. júní 2015 samþykkti borgarráð að bæta eftirfarandi skrefum inn í verkferil vegna ferðaheimilda í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar: Fjármálastjórar fagsviða skulu senda ársfjórðungslega lista yfir allar samþykktar ferðaheimildir sem lagður verður fram á fundi viðkomandi fagráðs. Fjármálastjóri Ráðhúss skal senda ársfjórðungslega lista yfir allar samþykktar ferðaheimildir á vegum borgarráðs og borgarstjórnar sem lagður verður fram á fundi borgarráðs.

Samþykkt hefur verið að fundargerðir ásamt fundargögnum verði aðgengilegar á vef borgarinnar og er nýtt fundargerðakerfi í smíðum sem mun auðvelda aðgengi að þeim, sbr. tillögu sem samþykkt var á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 18. september 2014.

Ákvæði um aðgang að fundargerðum auk fundargagna er einnig að finna í upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar 2015-2020.

Með vísan til ofangreinds má sjá að efni tillögunnar hefur nú þegar verið samþykkt hjá Reykjavíkurborg, að svo miklu leyti sem efni hennar er á forræði borgarinnar, og er unnið að framkvæmd hennar.


Ásta Guðrún Beck